

Ed.

211. Frumvarp til laga

[191. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1985 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1985.
3. Af fyrstu 296 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 296 000 kr., greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1985 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1985 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 80/1983 á árinu 1984. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 80/1983. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1984 nemur 142 mkr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 125 mkr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1985 nemi um 170 mkr. og að innheimt fjárhæð þess verði nálægt 150 mkr.

Gengið er út frá því, að skattbyrði vegna sjúkratryggingagjalds skv. þessu frv. verði óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári, milli árana 1984 og 1985.